



Tímabundið

STARFSLEYFI

fyrir niðurrif mannvirkja

.....

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

Leyfishafi:	Rós Ingadóttir
Kennitala:	200853 3269
Heimili:	Tobbakoti 3, 851 Hella
Leyfið gildir frá:	07. október 2022
Leyfið gildir til:	07. nóvember 2022

Starfsemi og staðsetning verks:

Niðurrif parhúss að Tobbakoti 3, F2198785 mhl. 02

Starfsleyfisskilyrði:

1. Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
2. Eftir því sem við á skal framkvæmdaaðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
3. Áður en niðurrif byggingar eða byggingarluta hefst skal liggja fyrir:
 - a) úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni,



- b) framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé framkvæmdin byggingar- og/eða framkvæmdaleyfisskyld,
 - c) heimild til meðhöndlunar asbests frá Vinnueftirlitinu ef asbest er að finna í viðkomandi byggingu eða byggingarluta.
4. Eftir því sem við á skal tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifsins, áður en niðurrif byggingar eða byggingarluta hefst. Allar frárennslislagnir skulu vera frágengnar með fullnægjandi hætti í seinasta lagi við lok niðurrifs.
 5. Ávallt skal byrja á að fjarlægja allt asbest úr byggingum og byggingarlutum sem á að rífa. Asbest skal ávallt rífa handvirkt og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
 6. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki óþægindum í nágrenni framkvæmdarinnar vegna úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
 7. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, múrs, asbest o.þ.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolun hjólbarða vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
 8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
 9. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
 10. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járn, plasti o.þ.h.
 11. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
 12. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlösun.
 13. Ef í ljós kemur við niðurrif byggingar eða byggingarluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.



14. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarúrgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafi greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 7. október 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi